



S E L T J A R N A R N E S B Æ R

Seltjarnarnesi, 12. desember, 2019.
Málsnúmer: 2019080058.

Ágæti viðtakandi.

Efni: Lækningaminjasafn.

Bæjarráð lýsir yfir áhuga og velvilja gagnvart tillögum um að höfuðstöðvar Náttúruminjasafns Íslands verði í núverandi byggingu Lækningaminjasafnsins við Safnatröð. Bæjarráð telur innkomu Náttúruminjasafns í bygginguna svo og möguleikann á tengingu við aðrar byggingar/starfsemi í nágrenninu ásamt nálægð við náttúruna mjög fýsilegan kost, sem samræmist hugmyndum bæjaryfirvalda um starfsemi á vestursvæðinu allt að Gróttu.

Bæjarráð og skipulags- og umferðanefnd hafa verið upplýst um, umræður sem fram hafa farið í nefndinni, sem nú er að fjalla um þetta mál á vegum Menntamálaráðuneytisins. Þær hugmyndir um möguleika að stækka safnið neðanjarðar og breyta deiliskipulagi, hefur einnig verið reifað og kynnt.

Bæjarráð tekur jákvætt í þær hugmyndir, sem nefndin hefur verið að ræða með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar þegar og ef til þess kemur að stækka safnið neðanjarðar.

Virðingarfyllst,
fh. Seltjarnarnesbæjar.

Ásgerður Halldórsdóttir
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri.

